

**Nd.**

## **756. Nefndarálit**

um frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 54 4. júlí 1942.

Frá minni hluta landbúnaðarnefndar.

Mál þetta var borið fram í efri deild á öndverðu þessu þingi. Eftir 5 mánaða dvöl í þeirri virðulegu málstofu var það svo sent neðri deild til fyrirgreiðslu með samhljóða atkvæðum háttvirtra deildarmanna. Nú hefur landbúnaðarn. Nd. haft málid í fórum sínum um þriggja vikna skeið, en þó hefur ekki náðst samkomulag innan nefndarinna um afgreiðslu þess.

Við, sem að þessu nefndaráliti stöndum, teljum, að svo búið megi ekki lengur standa, þar sem nú dregur óðum að þinglokum, og viljum gera það, sem í okkar valdi stendur, til þess að málid geti fengið fullnaðar afgreiðslu á þessu þingi. Leggjum við eindregið til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 10. apríl 1946.

Bjarni Ásgeirsson, Jón Sigurðsson.  
fundaskr., frsm.